

# Fimm frá Gautaborg

## Myndlist

Valtýr Pétursson

Hér á árum áður fengum við hingað til lands sýningar á list Norðurlandanna á nokkurra ára millibili og þannig gafst tækifæri til að fylgjast með því sem frændur vorir voru að fást við, og einnig til að bera verk íslenskra listamanna saman við það sem menn töldu þá það besta, er verið var að skapa í norðrinu. Það var Nordisk Kunstforbund sem stóð fyrir þessum sýningum, en nú er öldin önnur og mikil þögn yfir því þarfa þingi.

Nú hefur svo skemmtilega æxlast til að fimm alvöru-listamenn frá Gautaborg hafa efnt til sýningar á verkum sínum á Kjarvalsstöðum og mun hér vera um að ræða hóp, sem sýnt hefur saman um nokkurn tíma. Þessir fimmmenningar koma nokkuð á óvart; þeir eru allir á góðum aldri og hafa mikla reynslu í myndgerð. Ólíkir eru þeir í list sinni og eiga það ef til vill eitt sameiginlegt að gera miklar kröfur til myndgerðar sinnar og að hafa allir stundað nám við sama skólann, Vallands-listaskólann í Gautaborg. En til gamans má geta þess, að nokkrir Íslendingar hafa verið þar við nám, og er einna þekktastur þeirra Einar Hákonarson. Einnig mætti nefna Þröst Magnússon teiknara. Og fleiri hafa verið þar við nám. Hvort heimsókn þessa listamannahóps stendur í einhverju sambandi við þetta, veit ég ekki. Sýning þeirra er fyllilega gjaldgeng og stendur sannarlega fyrir sínu. Ég verð að játa, að þessi verk, eins ólík og þau eru í reynd, komust inn að hjarta mínu við fyrstu sýn, og hér með þakka ég strax fyrir sérlega tímabæra og ánægjulega sýningu.

Eins og áður sagði, eru þessir menn allir á góðum aldri. Það er nú einu sinni svo að fólk þarf að ná vissri reynslu í myndgerð til að geta upplifað hana og tjáð sig á það persónulegan hátt að eitthvert gildi sé sjáanlegt í þeim verkum, sem látin eru fyrir almenningssjónir. Á þessu vill oft á tíðum verða nokkur misbrestur, en á sýningu þeirra fimm frá Gautaborg verður ekki vart við slíkt. **Thore Ahnoff** er náttúruaðdáandi í verkum sínum og hefur sterka og lifandi litasjón. Verk hans eru hressileg og bera með sér blá umhverfisins. Hér er enginn viðvaningur á

ferð. Nr. 13, „Minnesfönster“, fannst mér afbragð, svo að ég nefni eitthvað. **Erland Brand** á þarna eingöngu vatnslitamyndir, og mun hann einna helst einbeita sér að því efni. Hann hefur mikið vald þar í sveit og vinnur af léttleik og fimi, sem fellur vel



Thore Ahnoff: „Minnesfönster“.


ad myndgerð hans, bæði tækni og hugmyndafræði. Hann hefur skapað sér sérstæðan stíl, sem bæði er persónulegur og nýstárlegur. **Lennart Landqvist** byggir myndir sínar á geometrískan hátt. Hann virðist vera í sterkum tengslum við móður jörð, en lætur myndbyggingu ná yfirhendinni og hugsar þannig stundum meir í formbyggingu en fyrirmyndum. Litir eru hans sterka hlið. **Jens Mattiasson** er afar hressilegur og léttur í verkum sínum. Hann er vel skrifandi með pensli sínum, og ég hafði sérstaka ánægju af teikningu hans. Myndsýn hans er ekki ólík Kristjáni okkar Davíðssyni.

Flest verk hans eru máluð með akryl-litum, ef ég sé rétt. **Lars Swan** stundar ekki stór formöt, og flest verka hans eru litlar og persónulegar myndir, sem stundum minna ótrúlega mikið á meistaran Klea. Samt tekst



Lars Swan að gera verk sín að einstaklega einföldum og látlausum litlum listaverkum, sem lifa sínu einstaklega hjartnæma lífi. Allir eru þessir listamenn miklir tæknisnillingar og kunna sitt verk. Þeir eru margreyndir hver og einn á sínu sviði og því er útkoman eins sterk og raun ber vitni. Enda munu þarna á ferð þekktir menn í sínu heimalandi og verk þeirra eru í fjölmörgum söfnum í Svíþjóð og öðrum löndum, meira að segja á Listasafn Íslands verk eftir einn þeirra.

Það er ánægjulegt að geta bent Reykvíkingum á slíka sýningu sem hér er á ferð. Þrátt fyrir jólaannir og allra veðra von á þessum árstíma, ættu sem flestir að sjá þessa sýningu Svíanna og með þeim orðum þakka ég fyrir þessa sýningu og lýsi því yfir, að ég hafði mikla ánægju af að reika um Vestursalinn einn sunnudagsmorgun.



Jens Mattiasson: „Väntan“.

## Ljósmyndir á Vesturgarði

Ungur ljósmyndari, Hörður Vilhjálmsson, hefur hengt upp 30 ljósmyndir eftir sig á Vesturgangi Kjarvalsstaða. Engin sýningarskrá varð þar á vegi mínum, og engin númer eru á myndum þar á veggjum. Því er ekki hægt að vitna til nafns eða númers á þessum verkum, og að mínu áliti er það miður.

Á sýningu Harðar eru eingöngu litmyndir, og flestar eru af landslagi. Sagði ekki skáldið eitthvað í þá veru, að landslag væri litils virði, ef það hétu ekki neitt? Hvað með það, mér eru minnisstæðar myndir frá höfninni og einnig mynd úr Fnjóskárdal og af Snæfellsjökli. Þetta verður að duga, en í víðri merkingu eru þarna mjög ágætarmyndir víðs vegar að af landinu, og heildarblær sýningarinnar er mjög þokkalegur. Það er hvergi þröngt á þessum myndum, og sýningin fer prýðilega þarna á Vesturganginum. Þetta mun vera fyrsta einkasýning Harðar, sem hefur unnið hjá Sjóvarpinu sem ljósmyndari og einnig hjá Landsbókasafni. Hann er menntaður erlendis í ljósmyndafræðum, og einnig nam hann hjá Óla Páli ljósmyndara hér heima. Hörður hefur einnig rekið einkaljósmýndastofu ásamt því að vera ljósmyndari við eitt af dagblöðunum. Af þessu má sjá, að hér er enginn byrjandi á ferð, og sést það á þessari sýningu hans. Eitt verð ég að minnast sérstaklega á í þessum fáu línur: Litirnir í verkum Harðar eru sérlega þægilegir og hvergi farið yfir mörkin ef svo mætti að orði kveða.

Þetta er hvergi veigamikil sýning og býður ekki upp á neina byltingu, en hún er einlæg og þokkaleg og ber höfundi sínum ágætán vitnisburð. Þarna er farið með nærfærni um fyrirmyndir og enginn flilaskapur á ferð. Ljósmyndir eru nú álitnar fyllilega gjaldgengar sem góð og persónuleg listaverk, eins og sjá mátti á þeirri sýningu, sem var í Listasafni Íslands nýlega. Ekki dettur mér til hugar að setja þá sýningu sem mælikvarða fyrir þessa fyrstu sýningu Harðar, en samt má sjá ýmislegt sameiginlegt með myndum Harðar af landslagi og sumum myndunum á nefndri sýningu. Samt er þar um gerólíka hluti að ræða.

Ég sé ekki betur en Hörður megi vel við una þessa frumraun sína. Það var skemmtilegt að sjá þessar myndir.

Valtýr Pétursson

## Ungir menn í Kjarvalssal

Nú stendur yfir sýning á verkum fimm ungra myndlistarmanna í Kjarvalssal á Miklatúni. Þarna kennir margra grassa og eru þessir ungu menn nokkuð ólíkir í myndgerð sinni, en eiga samt ýmislegt sameiginlegt eins og raunar virðist um flesta þá, sem nú leggja myndlist fyrir sig. Nýja málverkið er þarna efst á baugi og ég er farinn að halda að það sé orðið að Akademíi okkar tíma, því að allt sem er þar fyrir utan virðist óverjandi og einskis nýtt, og sú lína, sem fluttist frá Hollandi og heim, er öllu ráðandi hjá þeim ungu. Mikið ef

mann er ekki farið að langa til að sjá eitthvað nýtt og ódrúvisi, en ekki alltaf þetta sama og margþvælda.

Nú vill svo til, að í Vestursalnum á Kjarvalsstöðum stendur yfir sýning fimm Svía, sem leika á nokkuð öðrum nótum en ungmennin í Austursalnum. Ekki er að efa, að sumum verður það á að gera nokkurn samanburð á þessum höpnum og ætti það að verða lærdómsríkt, en engu vil ég spá um útkomuna, og verður hver og einn að gera upp sinn hug um það.

Þeir ungu mennirnir eru: Steingrímur Þorvaldsson, sem fer nokkuð mikið fyrir á þessari sýningu. Hann hefur mikið í takinu og sýnir tilþrif á köflum. Magnús V. Guðlaugsson er einnig stórtækur og hvergi smeykur. Stefán Axel er einnig nokkuð ágengur í verkum sínum, en heldur sig samt innan viss ramma. Omar Skúlason hélt einkasýningu fyrir nokkrum dögum í Listmunahúsinu, og mér sýnist hann komast betur frá þátttöku sinni í þessari sýningu en þeirri í Listmunahúsinu, sem var nokkuð aðþrengd. Og að lok-



um skulum við nefna teikningar Péturs Stefánssonar, en hann sýnir nokkuð misjafnar teikningar, þar sem einkum og sér í lagi er byggt á kynlífinu. Í heild er þessi sýning keimlík þeim sýningum sem sjást hjá ungu fólki nú til dags, og raunverulega lítið um hana að segja.

Það er ekki langt síðan annar hópur var þarna á ferð með álfka sýningu. Samt er ekki hægt að segja, að þessar sýningar hafi verið æsilega líkar, þótt akademískar hafi verið báðar tvær. Það verður ekki annað sagt en að mikið sé á ferðinni hjá þessum ungmönnum, en fæst orð hafa minnsta ábyrgð. Ekki er annað að gera en biða og sjá, hvað setur.

Valtýr Pétursson